

REGLUGERÐ**um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.**

Liður 9.2.5. orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessum kafla eru miðuð við visitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.***REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 65 10. janúar 1977, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Neista, Vestur-Skaftafellssýslu.**

1. gr.

1. málslíður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarks-töluna 12, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. október 1979.***Magnús H. Magnússon.***Kristinn Gunnarsson.*